



Vestfjarðastofa

Alþingi,  
umhverfis og samgöngunefnd  
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is



Ísafirði 15. desember 2023

## **Umsögn; þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun 2024-2028, mál 535, 154. löggjafarþing**

Vestfjarðastofa ritar þessa umsögn fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga samkvæmt samningi um framkvæmd verkefna Fjórðungssambandsins.

*Framkvæmd Landsskipulagsstefnu og fjármögnun Skipulagssjóðs*

Ný Landsskipulagsstefna er unnin á grunni nýs lagaumhverfis og flutningi málaflokksins frá umhverfis- og auðlindaráðuneytis til innviðaráðuneytis. Landsskipulagsstefna er nú hluti af samþættingu áætlana innviðaráðuneytis er hafa áhrif á landnýtingu, málefni sveitarfélaga, húsnæðismál, byggðamál o.fl.. Það er mat Fjórðungssambands að verkefnið sé nú viðameira og setur auknar kröfur á sveitarfélög í að samræma og eða taka afstöðu til nýrra málaflokka s.s. loftlagsmála, en framkvæmd Landsskipulagsstefnu er eins og segir í greinargerð þingsályktunarinnar

*Landsskipulagsstefna er fyrst og fremst framfylgt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Samkvæmt skipulagslögum skulu sveitarfélög byggja á landsskipulagsstefnu við gerð aðal- og svæðisskipulags. Landsskipulagsstefna hefur einnig áhrif á áætlanir sjórvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun og byggðapróun*

Í kaflanum „Sveitarfélögin – Landshlutar“ í greinargerð með landskipulagsstefnunni er staða Skipulagssjóðs rædd og viðbrögð við gagnrýni á ráðstöfun skipulagsgjalds, eins er rætt að skapa verði sveitarfélögum verkfæri að hálfu stofnana og ráðuneyta til að takast á við ný verkefni. Við afgreiðslu fjárlaga 2023 var aukið við framlög sjóðsins tímabundið um 85 mkr en í frumvarpi til fjárlaga 2024 er þessi fjárhæð tekin til baka og framlög til Skipulagssjóðs festast að nýju við um 100 mkr.

Fjórðungssamband vill hér ítreka, að úthlutun á framlögum til Skipulagssjóðs hafa um langt árabil verið takmarkaðar og ekki í samræmi við innheimt skipulagsgjald. Verulegur kúfur er nú í útborgunum sjóðsins til sveitarfélaga sem hafa unnið aðalskipulag eða svæðisskipulag. Meginhluti fjármögnunar á verkefnatíma leggst því á sveitarfélögin og því að skipta lengur, vegna seinkunar sem er á útgreiðslu.

Að mati Fjórðungssambandsins er rammi fjármálaáætlunar 100 mkr, rétt til að nægja til að fjármagna 4 til 5 skipulagsgerðir á ári fyrir hin 64 sveitarfélög í landinu. Sem dæmi hér, þá munu vestfirsk sveitarfélög hefja á árinu 2024 vinnu að gerð Svæðisskipulags Vestfjarða. Bara umfang þeirrar skipulagsgerðar, mun kalla á 15 til 20 % af áætluðu fjármagni sjóðsins næstu þrjú árin.



Fjórðungssamband lýsir því miklum áhyggjum af áætluðum framlögum til skipulagsmála sem sett eru fram í þingsályktuninni með vísan til fjármálaáætlunar 2024-2028. Framlög Skipulagssjóðs til næstu fimm ára eru án tillits til nýrra verkefna og án tillits til þróunar verðlags og kostnaðar við skipulagsgerð, hjá sveitarfélögunum og í aðkeypri þjónustu.

Fjórðungssambandið beinir því til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, að flýtt verði umfjöllun um mál Skipulagssjóðs með tillögum um hækkun framlaga í Fjármálaáætlun 2025-2029 og í frumvarpi til Íjáraukalaga 2024. Núverandi rammi er óásættanlegur og mun að óbreyttu teifa framkvæmd landsskipulagsstefnu og ná að uppfyllinga markmið stefnunnar. Hinsvegar munu auknar Íjárveitingar treysta getu sveitarfélaga til að vinna að markmiðum landsskipulagsstefnu.

*Strandsvæðaskipulag og tillögur í aðgerðaráætlun til fimm ára.*

Hlutverk Landsskipulagsstefnu er að setja framtíðarsýn og leggja til aðgerðir varðandi skipulag strandsvæða. Nýjar atvinnugreinar hafa s.s. fiskeldi hafa verið byggðar upp með staðbundinni nýtingu strandsvæðis og eru nú samþættar í strandsvæðaskipulagi fyrir Vestfirði og Austfirði.

Þingsályktunin fjallar um mikilvægi skipulagsvinnu í þessum efnum og það er mikilvægt að þingsályktunin leggur til, að tekið verði til umfjöllunar ný viðfangsefni sem líkleg að komi til umfjöllunar á strandsvæðinu, þ.e. uppbyggingu orkuvinnslu á hafi s.s. vindorku og sjávarorku.

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa ítrekað ályktað á sínum vettvangi, að skipulag strandsvæða verði alfarið á vettvangi sveitarfélaga, þannig falli saman áherslur í skipulagsgerð á landi með skipulag strandsvæðis. Skipulagsvinna sé því á einni hendi en ekki skipt á milli ríkis og sveitarfélaga.

Brýnt er að hefja endurskoðun á framkvæmd mála og fara að ákvæðum bráðabirgðaákvæðis II hluta laganna þess efnis að lögin eigi að koma endurskoðunar eftir þjú ári þ.e. á árinu 2021. Innviðaráðuneytið kynnti fyrr á þessu ári breytingu á litlum hluta laganna, sjá mál S-132/2023<sup>1</sup> í Samráðsgátt. Afstaða sveitarfélaga sem hafa komið að gerð strandsvæðaskipulags er að hér verði að taka mun breiðari nálgun. Kynna má sér þá afstöðu og fleiri atriða með vísan til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem unnin var um málið, í samráði við Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Austurlandi.

Sem hér síðar kemur fram í þessari umsögn varðandi aðgerðir er varða strandsvæðaskipulag í aðgerðaáætlun þá er það mat Fjórðungssambands að það stefni í misræmi í framkvæmd aðgerða landsskipulagsstefnu og laga um haf og strandsvæðaskipulag nr 88/2018. Beinir Fjórðungssambandið því til umhverfis og samgöngunefndar að taka þetta mál til umfjöllunar við umræðu og afgreiðslu þingsályktunar um Landsskipulagsstefnu.

---

<sup>1</sup> [Samráðsgátt | Mál: S-132/2023 \(island.is\)](#)



Þrjár aðgerðir eru í aðgerðaáætlun um landsskipulagsstefnu er varða strandsvæðaskipulag og þar telur Fjórðungssambandið að komi fram hluti þess misræmis sem hér hefur verið nefnt.

A. Aðgerðir nr 8 og 9 um að hefja gerð strandsvæðaskipulags á Skjá.fanda og í Eyjafirði. Fjórðungssamband telur að skoða verður hvort framsetning aðgerðarinnar sé í anda laga nr 88/2018. Fjórðungssambandið telur að um of mikla einföldun sé að ræða um framsetningu aðgerða 8 og 9, með því að einungis er tilgreint að innviðaráðuneytið fari með ábyrgð aðgerðanna.

Fyrir það fyrsta má líta á framsetningu aðgerðarinnar með vísan til 1. og 2. mgr 4. gr

*Ráðherra fer með yfirsjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra til aðstoðar er Skipulagsstofnun.*

*Svæðisráð bera ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulags.*

Ráðherra skipulagsmála fer þannig með yfirstjórn á gerð strandsvæðaskipulags og staðfestir gildistöku þeirra en felur Svæðisráði ábyrgð á gerð strandsvæðaskipulagsins. Svæðisráð er samkvæmt ákvæðum 5. gr, skipað átta fulltrúm, þrem að hálfu aðliggjandi sveitarfélaga, einum að hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjórum fulltrúum ráðuneyta er fara með orkumál, ferðamál, sjávarútvegsmál, umhverfismál, auðlindamál og samgöngumál. Ráðherra skipar síðan til viðbótar formann ráðsins. Skipulagsstofnun er ráðgjafi Svæðisráðs og annast gerð strandsvæðaskipulags í umboði svæðisráðs samkvæmt 3. mgr 4. gr..

Í annan stað er tilgreint í aðgerðinni, dæmi um samstarfsaðila sem fellur einungis að hluta að ákvæðum laga 88/2018. Í 5. mgr 5.gr segir að ráðherra skipi samráðshóp til ráðgjafar svæðisráðs

*Ráðherra skipar fimm manna samráðshóp sem skal vera svæðisráði til ráðgjafa og samráðs við undirbúning að gerð strandsvæðisskipulags. Í samráðshópnum skulu vera einn fulltrúi ferðamálasamtaka, einn fulltrúi Samtaka atvinnul.fsins, einn fulltrúi útivistarsamtaka og tveir fulltrúar umhverfisverndarsamtaka, annar þeirra frá umhverfisverndarsamtökum á landsvísu en hinn frá samtökum á viðkomandi svæði ef slík samtök eru til staðar, annars skulu báðir vera fulltrúar umhverfisverndarsamtaka á landsvísu. Svæðisráðum er heimilt að tilnefna allt að þrjú fulltrúa til viðbótar.*

Í 6. gr laganna segir síðan um ráðgefandi aðila

*Fagstofnanir sem fara með málaflokka er varða nýtingu og vernd á haf- og strandsvæðum skulu vera svæðisráðum og Skipulagsstofnun til ráðgjafa um atriði sem undir lög þessi heyra. Hið sama á við um vatnasvæðisnefndir samkvæmt lögum um sjórn vatnamála. Þessum aðilum ber að leggja fram nauðsynleg gögn vegna vinnu við gerð stefnu um skipulag haf- og strandsvæða og strandsvæðisskipulags samkvæmt lögum þessum og upplýsingar um hvaða gögn ligga fyrir.*

*Þær fagstæfningar sem um er að ræða eru m.a. Ferðamálastæfna, Fiskistæfna, Heffrannsóknastæfningun, [Landgræðslan], 1) Landhelgisgæslan, Landmælingar Íslands, [Húsnæðis- og mannvirkjastæfningun], 2) Matvælastæfningun, Mirkjastæfningun Íslands, Náttúrufræðistæfningun Íslands, Orkustæfningun, Samgöngustæfna, Umhverfisstæfningun, Veðurstæfna og Vegagerðin.*

Afgreiðsla og gildistaka strandsvæðaskipulags er síðan í höndum ráðherra skipulagsmála s.m.b. 3., 4. og 5. mgr 13. gr laga 88/2018.

Fjórðungssambandið beinir því til umhverfis- og samgöngunefndar að taka til skoðunar að breyta framsetningu 8. og 9. aðgerð aðgerðaráætlunar með hliðsjón af framansögðum ákvæðum laga 88/2018.

*B. Aðgerð 10 Forgangsröðun verkefna vegna skipulags strandsvæða*  
Endurtekin er ábending til umhverfis og samgöngunefndar er koma fram í A. lið, um að skoða framsetningu á ábyrgð og samstarfsaðila við framkvæmd aðgerðarinnar.

Landshlutasamtök sveitarfélaga á Vestfjörðum og Vesturlandi, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, leggja til að aðgerð 10 verði flýtt strax til ársins 2024 og þar verði tekin til umræðu gerð mögulegs strandsvæðaskipulags fyrir Breiðafjörð.

Samtökin hafa frá lokum árs 2021 unnið að verkefninu *Forsendugreining fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðaþróun*. Verkefnið er unnið sem aðgerð C9 í Byggðaáætlun en ábyrgð á framkvæmd er að hálfu umhverfis-, orku og loftlagsráðuneytis og eins hefur ráðuneytið stutt við vinnu við verkefnið með stuðningi við Náttúrustofu Vesturlands. Verkefninu mun ljúka á fyrri hluta árs 2024, en nú þegar hefur verið framkvæmt stöðumat, sviðsmyndagreining og lagt mat á hagrænt virði Breiðafjarðar.

Verkefnisstjórn verkefnisins hefur rætt tillögur um að um aðgerðir á grundvelli þessara gagna og ein tillaga um aðgerðir eru gerð strandsvæðaskipulags fyrir Breiðafjörð. Tillögur verkefnisstjórnar koma til umræðu eftir komandi ármót á vettvangi aðliggjandi sveitarfélaga og í samráði við hagaðila og almenning. Sé það niðurstaða að gera tillögu um gerð strandsvæðaskipulags þá væri nauðsynlegt, að sjá má fyrir að hafin sé vinna að aðgerð nr 10 og geta þannig komið tillögum þessa verkefnis í ákveðin farveg en þurfa ekki bíða til ársins 2026.

*Meginkjarnar í landshlutum.*

Landsskipulagsstefna leggur áherslu á skilgreiningu meginkjarna hvers landshluta og samgöngukerfi verði að tryggja greiða þjónustu og atvinnusókn m.a. að ekki taki nema klukkutíma fyrir íbúa að ná til meginkjarna landshluta.

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa ekki mótað afstöðu um skipulag meginkjarna á Vestfjörðum. Tilgreina má þó hér, að sveitarfélögin á Vestfjörðum lögðu fram í janúar 2022, Jarðgangaáætlun Vestfjarða þar sem lögð er áhersla á tengingu byggðakjarna innan atvinnusvæða.

Hvernig sem þetta mál um stöðu meginkjarna verður leitt lykta á vettvangi sveitarfélag á Vestfjörðum, þá myndi jarðgangagerð innan allra atvinnusvæða á á Vestfjörðum áætlunartíma landsskipulagsstefnu (2024-2038) geta haft áhrif hér á og myndi vera liður í markmiðum laga um samþættingu áætlana ráðuneytisins.

Í millitíðinni verði síðan að tryggja vetrarþjónustu sem þjóni íbúum og atvinnulíf meginhluta sólarhringsins en ekki með þeim óásættanlegu takmörkunum sem eru á þjónustunni er í dag.

Umhverfis- og samgöngunefnd var nýverið kynnt framangreind atriði í umsögn Fjórðungssambandsins um þingsályktun að samgönguáætlun <sup>2</sup> sem nefndin hefur nú til umfjöllunar.

Að lokum lýsa Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga sig tilbúin til að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að fjalla um efni þingsályktunar.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar

---

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/alttext/erindi/154/154-397.pdf>